

Vikufréttir

Vika 43 (19.10 – 23.10. 2020)

Mánudagur

- ✓ Ný lota í list og verk hefst
- ✓ Deildarstjóri fundar með list og verkgreinakennurum. Kl. 14:30

Þriðjudagur

- ✓ Grænfánateymið fundar í gegnum Teams kl. 11:00
- ✓ Skólastýrufundur kl. 8:30

Miðvikudagur

✓

Fimmtudagur

- ✓ Sérkennslufundur kl. 14:30 í Friðheimum

Föstudagur

✓

Annað:

Þessa vikuna átti 9.bekkur að vera við leik og störf í ungmennabúðum að Laugarvatni en vegna aðstæðna í samfélaginu verður því frestað.

Spakmæli:

“Góður hlátur og langur svefn eru tvær bestu lausnirnar á öllu ”

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafi er málsvari nemenda og trúnaðarmaður. Hann leitast við að aðstoða þá við lausn ýmissa mála sem upp koma. Hann stendur vörð um velferð nemenda á breiðum vettvangi og veitir þeim ráðgjöf. Hann vinnur í nánú samstarfi við foreldra eftir því sem við á og aðra sérfræðinga innan og utan skólans. Námsráðgjafi er ekki meðferðaraðili en aðstoðar við lausn á vandamálum og vísar málum einstaklinga til viðeigandi sérfræðings s.s. sálfræðings, hjúkrunarfræðings og sérkennara, eftir því sem við á. **Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa eru:**

- Nám, námstækni og prófkvíði
- Framhaldsnám og starfsval
- Aðstoð við raunhæfar áætlanir m.t.t. áhugasviðs
- Persónuleg mál

Aðstoð námsráðgjafa beinist að því að auka þekkingu nemenda á sjálfum sér, viðhorfum sínum, áhuga og hæfileikum þannig að þeir fái betur notið sín í námi og starfi. **Dæmi um erindi nemenda til náms- og starfsráðgjafa er tengjast náminu:**

- Skipulag heimanáms
- Einbeitingarskortur í náminu
- Skipulagsleysi
- Kvíði tengdur skólagöngu og prófum
- Mætingar
- Námsleiðir
- Starfsval

Dæmi um erindi nemenda til náms- og starfsráðgjafa er tengjast persónulegum málum:

- Samskipti við aðra, s.s. hitt kynið, kennara, bekkjarfélagana
- Hvernig nýta má hæfileika nemenda
- Feimni
- Einmanaleiki
- Stríðni
- Einelti
- Kvíði og þunglyndi
- Ýmislegt sem nemendum liggur á hjarta

Nemendur geta leitað beint til námsráðgjafa með þau mál sem þeim liggja á hjarta. Jafnframt geta foreldrar, kennarar og stjórnendur skólans vísað málum til námsráðgjafa. Námsráðgjafi skólans er Elín Kristjánsdóttir – elin@menntaborg.is